Glósur úr laganámi við Háskóla Íslands, 2 af 4

Bjarni Benediktsson – Háskóli Íslands – Laganám – Glósur – Stjórnarfar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

l. 10. júlí 1927: „Dans le mois qui suit leur validation, les députés en exercice élus députés sont "tenus d'opter entre les deux mandats dont ils se trouvent simultanément investis. – Faute d'avoir opté dans le délai, ils sont censés s'être démis du premier mandat qu'ils détenaient".

9) Duguit IV. s. 272.

þ. e. a. s. er deildirnar sameinast í „Assemblée nationale", þá hefur forseti senatsins forseti þar (Stjl. 16. júlí 1875 § 11). Hvor deild dæmir um kjörgengi meðl. sinna og hvort þeir hafi verið lögl. valdir (s. l. § 10).

Hvoruga deildin má starfa er hinni er slitið, nema senatið sem dómst. eða ef forseti ~~deyr~~ fellur frá meðan n. d. er rofin (s. l. §§ 3 og 4).

Hvor deild um sig semur sér eigin þingsköp.

Aths. „le conseil national économique" sem stofnaður var 1925, er hefur fulltrúa „almennings og neytenda", „vinnu" og „auðmagns" er einungis ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í fjármála- og atvinnulífs efnum og verður alls eigi talinn ~~undir~~ löggjafarvaldið, heldur er talandi framkv.-tæki, enn a. m. k. (Sjá hér um E. v. Hippel: Die Entwicklung d. öffentl. Rechts in Frankreich seit 1914 in Jahrb. des öffentl. Rechts 1927, s. 216 ff og Schemmer l. c. s. 168.).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. III.

Í Svíþjóð var tveggja deilda skipulag innleitt 1866.

Var landsþingunum, sem eru og voru sveitar- eða héraðsstjórnir, falið í samvinnu við bæjarstjórnir þeirra bæja, sem ekki höfðu fulltrúa í landsþingi héraðanna falið, að kjósa þingmenn e.d. Skyldu þingm. kosnir til 9 ára[1] og endurnýjast smám saman eftir því sem kjörtími hvers og eins rynni út. Kjörgengi til e.d. bundið 35 árum til n.d. 25 árum[3] e.d. þurfti maður að hafa 80,000 kr. fasteign eða 4000 kr. tekjur[2]. Til n.d. voru þeir einir kjörgengir, sem búsettir voru í kjördæminu og voru þau fyrirmæli ekki um e.d.[3] E.d. menn höfðu engin þóknun.

Þessi ákv. hafa orðið fyrir töluverðum breytingum, síðast 1922[4]. Nú er skipunin þessi. Kosningu e.d. er gerð af 19 kjörhópum (valkretsar).

1. 7 þeirra eru samsettir einungis af meðlimum eins landsþings

2. 6 eru samsett af meðlimum 2 landsþinga

3. Meðlimir tveggja landsþinga og valdir fulltrúar þess þriðja og skulu meðlimir þess valdir eftir sömu reglum og meðl. annara (1 tilfelli).

4. 3 eru samsett af meðlimum landsþings eins héraðs og sérstaklega

1) Til n.d. 3 ára. Aschehoug das Staatsr. der vereinigten Königreiche Schweden u. Norwegen i Marquardsen 1886

2) l.c. 49/50

3) l.c. 49

3) l.c. 50.

4) Sjá hér um C.A. Reuterskiöld: Die öffentlich-rechtliche Gesetzgebung Schwedens 1906-10, Jahrbuch des öffentl. Rechts 1911 og sami: Die staatsrechtliche Entwicklung Schwedens seit dem Jahre 1918, í sama riti 1922

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

kosnum kjörmönnum eins eða fleiri bæja í héraðinu, er ekki hafa fulltrúa á landsþinginu.

5. 2 (Stockholm og Götelborg) eru sérstakir kjörmenn kosnir.

Kjörmenn skulu kosnir eftir sömu reglum sem meðlimir landsþinga,

Ath. þ. e. a. s. allir hafa kjörgengi við slíkar kosningar, sem kosn. hafa í sveitarstjórnarmálum, þó skulu þeir vera 27 ára í stað 23.

Kjörtímabilið er átta ár og fer á hverju ári ⅛ frá og er kjördæmunum skift niður í flokka 8 að tölu, 1 og 3 í hverju og fara því kosn. fram í einhverjum þessara flokka árlega.

Kosningar þessar fara eftir hlutfallsaðferðum að svo miklu leyti sem við verður komið. (Riksdagsordning 38).

Kjörgengi er einn bundið við 35 ára aldur og 50000 króna eign eða 3000 króna tekjur. (Riksdagsordning 39)

Kosn.réttur til landdaganna hafði að vísu áður verið nokkuð almennur, en hann var ójafn, þannig að hann fór hækkandi eftir skatt skyldum tekjum úr 1 upp í 40 atkvæði, en með breytingum 1918 var atkv.réttur gerður almennur, persónulegur og jafn. Er því e. t. v. nú að þessu leyti á miklu lýðræðislegri grundvelli en áður var.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú, eftir 1909, þá meðlimir beggja deilda þókunn fyrir starfa sinn (Riksdagsordn. §§ 12 og 23.

Meðlimir e.d. eru 150 (§ 6 Riksdagsordning)

Áður endurnýjuðust landdagar smám saman en nú allir í einu, og þar sem konungur getur rofið e.d. í heild, er ljóst við að það verði gert ef stjórnflokkur fengi meirihluta við landdagskosn., og má því segja, að ákv. um endurnýjun e.d. smám saman sé eigi alveg örugg.[5] Um landdagskosningar gilda hlutfallskosn.

5. Reutersköld, 1922, s. 307.

N.d. (andra kammaren) er kosin beint til 4 ára. Almennur kosningarréttur, kvenkosningarréttur og kosningarréttur og kjörgengi er bundið við 23 ára aldur, en til kjörgengis er krafist búsetu í sama kjördæmi eða sama bæ og kjördæmið er í. Hlutfallskosn. eru ekki fullkomnar. Þingm. eru 230.[6]

Problem d. Reichsrats. 199.

Þingmaður kosinn í báðar deildir má velja um í hvorri hann taki sæti. (§ 27 Riksdagsordn.)

Hvor deild kýs sér forseta (§ 33)[2]

Hvor þingdeild dæmir um kosningu meðlima, að svo miklu leyti, sem það tilh. þinginu (§ 32)

Mér skilst hver deild setji sér fundarsköp að svo miklu leyti sem þau eru ekki ákveðin í Riksdagsordning en þar eru flestar almennar reglur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndir eru sameiginlegar og um vætur samtímis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. 4.

IV.

Skv. portugölsku stjskr. 1911, 21. ág., sem: bili mun vera frestað, frá 28. maí 1926[1], þá er þingið „congresso" myndað af tveimur deildum: „Camara dos Deputados" og „Senado" (§7).

Í senatinu skulu ~~eftirmálseiga sæti~~ 3 senatorar fyrir hvert hérað meginlandsins og hinna nálægu eyja og einn fyrir hvergt hérað handan við hafið. §9. Í stjskr. er gert ráð fyrir, að senatorar sé kosnir beinum kosningum af kjósendum ~~og~~ §8 þeim sömu og til hinnar deildarinnar en skv. kosnl. frá 30. mars 1918 þá ~~eru~~ þeir kosnir sem part af kjörnum sveitarstjórna (hreppsnefnda) og sumpart af atvinnulífsfulltrúum[2] Kjörgengi er 35 ár §7 30

Senatorar eru kosnir til sex ára og skal helmingur þeirra kosinn þriðja hvert ár um leið og kosn. fara fram til hinnar deildarinnar. Tala þeirra er 71[3]

Neðri m.d. eru kosnir beinum kosningum til þriggja ára. Kosnréttur: 21 ár og þeir, sem fyrir hafa verið skráðir fullvaða svo og menn með háskólaprófi. skv. l. 11 mars 1918[4] Til kjörgengis er krafist 25 ára aldurs og kunnáttu í lestri og skrift.

Deildirnar koma saman, starfa og er slitið samtímis §13.

1) Skv. Problem d. Reichsrats. 205

vgl. Gmelin: Ausländisches Staatsrecht 2. Berlin 1923, s. 1 og 2.

2) Problem d. Reichsrats. 203 og Peters s. 65, en Dareste Const. mod. 1929 II s. 333 sést ekki minnst á þessa breytingu.

3) Probl. des Reichsrats s. 203

4) Dareste Const. mod. 1929 s. 332

Enginn getur verið samtímis meðlimur beggja deilda. § 7 2°

5) Problem des Reichsrats. s. 203

6) H. Strupp: Die portugiesische Verfassung vom 21. August 1911, i Jahrbuch des öffentl. Rechts, Tübingen 1913, s. 440

Hvor deild kýs forseta sinn og embættismenn sína, setur sjálfri sér þingsköp og setur ákv. um reglur innan sinna vébanda, rannsakar og staðfestir kosn. meðlima sinna. § 13 [illegible].

Hvor deild hefur lögsögu yfir sínum meðlimum að því er mál á hendur þeim kann að snerta, sbr. alm. regl. um immunität §§ 17 og 18

Þingmenn beggja deilda fá kaup § 9.

Sent er mál fyrir sameiginlegum fundum beggja deilda og hefur þá sá eldri af forsetum deildanna þar forsæti. § 14

Embættismenn geta yfirleitt ekki setið í deildunum, hvorugri. § 5

Forseti lýðv. getur ekki rofið þingið, hvoruga deild!

A. 4.

V.

Suður-Afríka.

The South Africa Union er einingarríki, þó hún að sumu, einkum um uppruna minni verulega á sambandsríki.

Þetta kemur einkum fram í skipun senatsins, er það myndar ásamt „a House of Assembly" og kemur í „the Parliament" § 19 í South Africa Act. 1909.

Senatið hefir þessa meðl.

1. 8 senatora nefndir af landstjóra með ráði stjórnarinnar, og skulu 4 þeirra vera sérstaklega kunnugir óskum og þörfum hinna litaðu kynflokka landsins.

2. 8 senatora fyrir hvert hérað, sem kosnir skulu af héraðsráðinu (stjórn) ásamt meðlimum n.d. (House of Assembly) fyrir það hérað.

Kjörtímabil beggja flokka er 10 ár. §§ 24, 25.

Kjörgengi er bundið við:

30 ára aldur a.m.k.
að vera kjósandi
Kjósendur til n.d. í einhverju héraða
að hafa verið fimm ár búsettur innan endimarka Unionarinnar er kosning fer fram.
að vera brezkur þegn af evrópäiskum uppruna.
að eiga fasteign 500 punda virði skuldlaust, innan Union, þó einungis um hina kosnu meðlimi. § 26.

Um héraðsstjórnirnar er það að

'Í þessu riti er og South Africa Act prentaður. 431 ff.

H. E. Egerton: Federations and Unions within the British Empire, 2. Ed. Oxford 1924 s. 68 ff, einkum 87, sbr. hér og Marriot, Second Chambers, s. 126 og Lees-Smith, s. 160.

Lövenstein: Das heutige Verfassungsrecht des britischen Weltreichs, í J.b.d.ö.R. s. 452 ff segir að S.A. sýni hafi „weise eine bundesstaatliche Organisation auf", þó veikari en Canada og Australia, þar sem héruðin hafa ekki stjskr.bundið löggjafarvald og og halda ekki þingbundið framkvæmdarvald; segir 456 að S.A. sé „unter den britischen Staatenverbindungen dem Einheitsstaat am nächsten".

að segja, að þar eru kosnar til þriggja ára af sömu kjósendum og kosnrétt hafa til „House of Assembly"
Hver stjórn hefur jafnmarga meðlimi og fulltrúafjöldi héraðsins er í House of Assembly, þó svo að meðlimir engrar stjórnar sé færri en 25

House of Assembly er kosin af einmenningskjördæmum, sem hafi hvert ámóta marga kjósendur, fjöldi þingmanna getur hæst orðið 150, en mun nú vera 134, en skiftingu þeirra gilda flóknar reglur, sem hér er eigi ást til að fara í, sbr. §§ 32-43.

2) Problem des Reichsrats, s. 185

Kosn.rétturinn er bundinn við 21 árs karlmenn af hvítum lit (evrópiskum uppruna)

Kjörgengi er bundið sömu skilyrðum og til Senats, þó er ~~hvorki~~ hærri aldurs né eignaskilyrða þeirra sem um senatskjör er sett, krafist. § 44.

Kjörtímabilið er 5 ár § 45.

Báðar deildir getur ~~forseti~~ landstjóri leyst upp samtímis, ~~og~~ House of Assembly eitt út af fyrir sig. Upplausn nær ekki til hinna útvöldu meðlima senatsins § 20.

Báðar deildir kjósa sér forseta, hvor um sig § 27 og 46, ~~og~~ Hvor setur sér þingsköp § 58. Meðlimir beggja deilda fá þóknun fyrir starfa sinn § 56

3) Marriot s. 131.

Sameiginlegir fundir beggja deilda geta átt sér stað, ~~og~~ hefur þá forseti the House of Assembly forsæti og fundarsköpum þeirrar deildar beitt eftir því sem við á § 58.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðlimir annarar deildar verða ekki kosnir meðl. hinnar né er heimilt að sitja þar sem meðl. §52

Ráðherrar geta ekki haldið sæti sínu nema þeir séu orðnir verði meðl. annarhvorrar deildar innan 3 mánaða frá skipun innar s. 239.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. 5.

Um þ.d. kosnar aðallega af kjörmönnum, þar til kosnum.

I. Danmörk.

Í Danmörku var til 1915 frá 1866 löggjafarsamkomunni skift í tvö þing Fólksþing og Landsþing.

Landsþingið hafði 66 meðlimi. Þar af tilnefndi konungur 12 meðlimi æfilangt og var kjörgengi þeirra sama og annara, að því frá skildu, að þeir áttu að veljast úr hóp þeirra manna, sem höfðu verið valdir meðlimir í „einer der früher oder jetzt bestehenden repräsentativen Versammlungen des Königsreichs" og ekki voru þeir bundnir við ákv. heimilisfang.x Hinir voru kosnir af sérstökum kjör-kollegium, sem misjafnt var eftir því hvar á landinu var.

x l.c. (að neðan) s. 69.

Í Kaupmannahöfn voru landsþingmenn kosnir af kjörmönnum, sem valdir voru af tvenskonar kjósendum. Annar flokkurinn var: allir kjósendur (kosnréttur að venl. sá sami og til fólksþings) hinn: kjósendur er höfðu haft 4000 kr. í skattskyldar tekjur. Hvor flokkur kaus jafn-marga kjörmenn. – Utan Kaupmannahafnar var kerfið flóknara. Þar eru bæjarsamkundurnar að nokkru leyti kosnar af öllum kjósendum sveitanna, en í þeim eiga og sæti tiltölulegur hluti hinna hæst skattuðu, sem hafa sem heimili kjósendur þar atkv., og loks voru kjörmenn frá sveita-borgunum, en helmingur þeirra var kosinn af öllum kjósendum bæjarins en hinn helm. af þeim hæst-skattaðu!

C. Goos u. H. Hansen: Das Staatsrecht des Königreichs Dänemark Tübingen 1913 s. 72/73.

Í Færeyjum kosið af lögþinginu!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Um valdsvið senats: La réforme du sénat, s. 57 ff.

Meðlimir beggja deilda „representera“ þjóðina og ekki einungis héraðið eða undirhéraðið, sem hefur kosið þá § 32.

A. 6/11

Stjsk. stjskr. Belgíu frá 25. febr. 1831 voru kjósendur til senats og fulltrúadeildar þeir sömu.

Munurinn á deildum var þessi:

Senat hafði helmingi færri meðl. § 54.

Meðlimir þess voru kosnir til 8 ára (§ 55) til fulltr.d. til 4 ára (§ 51).

Kjörgengi til senats var bundið við 40 ára aldur § 56[40] til fulltr. við 25 ár (§ 50[30]).

Kjörgengi til senats var bundið við þá hæst skattaða § 56[50] þar sem um kjörgengi til fulltr.d. giltu engin önnur eignaskilyrði en krafist var til kosréttar.

Meðlimir senats fengu enga þóknun þar sem meðl. fulltr.d. fengu hana (§ 57 og 52).

Konungsefni átti sæti í senatinu ríkisarfi (§ 58).

Konungur gat rofið þingdeildir báðar saman og hvora í sínu lagi (§ 71)

Hvor deild kaus sinn forseta og embættismenn § 37.

Hvor deild setur sjálfri sér þingsköp (§ 46)

Hvor deild rannsakar og ákveður um kosn. meðl. sinna (§ 34.)

Hvor deild ákveður atriði um af þinghelgi meðl. sinna (§ 45).

Maður getur ekki verið meðlimur beggja deilda samtímis (§ 35).

Með breytingunum frá 7. sept. 1893[2] er þó enn ákveðið að í senati skuli eiga sæti meðl. kosnir beint af alm. kjósendum, en þó má aldur meðl. að kosn.aldur hér sé 30 ár í mótsetningu við 25 ár til fulltrd. (§53 og 47). Fjöldi þessara meðl. skal vera helmingur meðl. fulltr.d. §54. Í deildina er kosið fulltr. héraðastjórna, þannig að hvert hérað með minna en 500 000 íbúa fær tvo fulltr. 3 fulltr. fá héruð milli 500 000 1 000 000 og 4 koma á hvert hérað með hærri íbúa tölu.

Þá er enn krafist 40 ára kjörgengis, en eignakröfurnar gilda ekki um fulltr. kosna af héraðstj. Eignakröfurnar eru og gerðar vægari, í sambandi við það er athugavert, að það fyrirbrigði gat komið fyrir að maður væri [illegible] kjörgengur í því héraði þar, sem hann bjó. §56.

Þá fá og allir synir konungs, eða að þeim ekki til, aðrir konungl. belgískir prinsar sæti í senatinu.

Með breytingunum eftir ófriðinn er skipun senatsins enn breytt og eru nú í því þessir meðl.[3]

1. Meðlimir valdir af kjósendum fulltrúadeildar, og er tala þessara meðl. helmingur tölu meðl. fulltr.d. §53[10] sbr. §54.

2. Meðlimir valdir af héraðastjórnunum, skv. hlutfallinu 1 senator á hverja 200 000 íbúa. Hvert héraðið velur a.m.k. 3 meðlimi. 125 000 umfr. 200 000 gefa rétt til 1 senators í viðbót §53[2]°

2) Smets l. c. 171 ff.

3) M. Bourquin: Les principales Transformations du droit public belge, depuis 1914 í Jahrbuch d. öffentl. Rechts. 1930 s. 186 ff.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3° Meðlimir valdir af þessum 2 flokkum senatora nefndum hér á undan, þ.e.a.s. „cooptéraðir" af hinum kosnu senator. og er fjöldi þeirra helmingur fjölda senatora kosinna af héraðastjórnum §53 3°.

Hlutfallskosn. fara fram §53, sbr. §48, með allar persónu kosn.

4° Loks eiga synir konungs sæti í deildinni frá 18 ára aldri með atkv.rétti frá 25 árum §58.

Enn er krafist 40 ára aldurs sem kjörgengisskilyrði §56 4° móts 25 árum til fulltr.d. (§50 3°).

Þá er og kjörgengi þeirra meðlima, sem eru kosnir beint af almennum kjósendum bundið við að þeir tilheyri þeim mannflokkum, sem taldir eru í ítarlegri skrá í §56 bis, og eiga þar að vera sem helstir stjórnmála, menta, fjármála og fjelags-öfl landsins. Þar eru m.a. æðstu embættismenn, æðstu foringjar í her og flota, menn með háskólaprófum, framkvæmdarstjórar og forstöðumenn mikilvægra félaga og fyrirtækja, forstjórar stórra samvinnufélaga, formenn og skrifarar starfsmannafélaga (associations professionnelles) sem hafa a.m.k. 500 félaga o.s.frv.[4] Með lögum má fjölga þeim, sem eru svo kjörgengir, en þau þ. verða að fá 2/3 atkv.

Enn fr. andl. stéttar menn, fulltr. vísindastofnana, héraðasjálfstj. hest skóttuðu o.s.frv.

Metl. kosnir af héraðastj. mega ekki vera né hafa verið né 2 næstu

4) Bourquin l.c. 190.

á undan konunginum, meðlimir þeirrar samkomu, sem kýs þá.

Konungur getur einn rofið þing, báðar deildir eða hvora um sig, ef hann vill; senatið hefur hann og rétt til að rjúfa héraðsstjórnirnar (§ 56 gr. sbr. § 71)

Senatorar eru valdir til 4 ára og eru allir kosnir samtímis § 55.

Annars gilda alm. reglur þær sömu og sagt er hér að framan skv. uppl. stjskr.-ákv. 1831.
Eru þó á senatsmeðl. nú uppgjört fyrir ómak sitt, en þóknun þeirra er miklu lægri en fulltrúa n.d. § 57 skv. 52

Meðlimir fulltrúadeildar ~~eru~~ kosnir eru alm.: jöfnum, beinum, hlutfallskosn. (hlutfallskosn. síðan 1899; jafn kosn.rétt síðan 10. April 1919). Kosnaldur 21 ár fullnað; kjöraldur 25 ár fullnað. Kjörtímabil 4 ár. Um konur sérákv. sem ekki hafa þýðingu í þessu samb. Fjöldi meðl. fulltrd. skal fara eftir íbúafjölda og er því ekki fastákveðinn, í stjskr., sbr. sérákv. Problem d. Reichsrats 187.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1) Sbr. Romulus Boila:
Die Verfassung und Verwaltung Rumäniens seit dem Weltkriege Jahrbuch des öffentl. Rechts. 1920 s. 324.

Text: þeirrar stjskr. hjá Dareste: Const. modernes 1910 II. T. s. 229 ff

Lög kaus annar hvo fulltr. fyrir hvert hérað og hinn einn.

2) Peters. s. 63.

x) Text: hjá Dareste II. 1929 351 ff.

A. 6. III

Skv. stjskr. Rúmeníu frá 30. júní 1866 skiftist löggjafarsamkoman í fulltrúadeild og senat. Báðar deildir voru reistar á grundvelli kosningaréttar takmarkaðs við fjáreign, og þó þrengri um senatið, þar var og krafist 40 ára aldurs til kjörgengis. Skv. konl. 9. júní 1884 var senatskjósendum skift í tvo hópa[1], lægstu skattgreiðendur höfðu þó engan kosningarétt, en án fjárskilyrða höfðu þó hærri embættismenn og þeir, sem höfðu aflað sér æðri vísindalegrar mentunar, kosningarétt. Til senatinskjörgengis var og krafist census eða uppfylling annara skilyrða[2]. Þá áttu og sæti í senati: ríkiserfingi og tilteknir biskupar, ásamt fulltrúum háskólanna.

Skv. stjskr. frá 29. mars 1923[x], þá skiftist „die Repräsentation der Nation" í tvær deildir: senatið og fulltrúadeildina (§ 34). Meðlimir beggja deilda eru fulltrúar þjóðarinnar. 342.

Í Senatinu eiga sæti:

a. 1. sem kosnir eru af kjósendum 40 ára gömlum í hverju kjördæmi, beinum, skyldu-kosningum.

2. Meðlimir kosnir af öllum héraða- og sveitarstjórnar meðlimum fyrir hvert hérað. Skyldukosning.

3. Meðlimir kosnir af verslunar-, iðnaðar-, handyrkju- og vinnu-samkundunum, og er samkundunum skift í kjördæmi, þannig að hver

bíljum þá í mesta lagi 6 senatora.

4. Hver háskóla kýs með atkvæðum prófessoranna einn senator.

(ss 67, 68, 69, 70, 71)

b. senatorar lögum skv. eru

1 Menn skv. hárri stöðu sinni í ríki eða kirkju.

Ríkiserfingi (18 ára með ráðgjafar atkvæði, 25 ára með kosningarétti).

Biskupar rúmensku kirkjunnar,

Einn fulltrúi hvers viðurkends trúfélags, sem hefur a.m.k. 200 þús. meðlimi.

Fulltrúi Muselmanna.

Forseti rúmensku akademisins

2. Senatorar skv. lögum (setu orði til verða:

fyrrv. Forsetar ráðh. eftir 4 ára embst. fyrrv. ráðh. eftir 6 ár. fyrrv. Forsetar þingdeilda, sem þessu starfi hafa gengt á a.m.k. 8 reglulegum þingum (sessionum) fyrrv. Senatorar og meðl. n.d., sem hafa verið 10 sinnum kosnir til þings (í 10 legislatur). Fyrverandi yfir forsetar og forsetar æðstu dómst. sem hafa gengt þessum starfa í fimm ár. Yfirstandandi herforingjar. Fyrverandi forsetar þjóðsamkomu 3 héraða, sem lýst hafa yfir sameiningu landsins. ss 72, 73, 74, 75, 3.

Kjörgengi er bundið við 40 ára aldur fyrir hina kosnu senatsmeðlimi.

Kjörtímabil beggja deilda er 4 ár.

Konungur getur rofið báðar deildir. 4

Meðlimatala senatsins er skv.

Probl. d. Reichsrats 205, 242

x

3. Boila s. 338 f.

4 hvort beldur báðar saman eða hvora í sínu lagi. 590

4/k. i. 340

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvor deild um sig sker úr um gildi kosningu meðlima sinna (§ 44). Ekki er heimilt að vera samtímis meðlimur beggja deilda (§ 45). Forsetar beggja deilda og embættismenn þeirra kýs hvor d. um sig. (§ 47)

Indemnitäts.réttinda meðlima eru bundin við vilja ~~[illegible]~~ deildar, er hann situr í (§ 55).

Hvor deild um sig semur sín eigin þingsköp. § 56.

Hvorug deildin má ~~[illegible]~~ koma saman til setu ~~[illegible]~~ öðrum tíma en setutíma beggja. § 58.

Hvor deild um sig heldur sérstaka fundi og ræður málum sínum til lykta út af fyrir sig nema þar sem stjskr. kveður sérstaklega öðru vísi á um (57). Sameiginlegir fundir eru í þessum tilfellum: Stjskr. endurskoðun, val konungs, ríkisstj. (Regentschaft) konungl. Statshalterei, eiðstaf konungs og ríkisstj. ~~persónur~~, viðtaka konungsboðskapar við setning þings. 5. (§§ 78, 79, 80, 82, 83, 84, 129)

Skv. § 129 (um stjskr. br.) fær er það eldri forseti deildanna, sem stjórnar sameiginlegum fundum þeirra út af stj. skr. br.

~~Hið~~

5) Boila l.c. 338

Meðl. n. d. eru kosnir almennum, beinum, jöfnum leynilegum skyldu-kosn af öllum, rökum ríkisborgurum. Kosn réttur bundin við fullræði, þ. e. 21 ár. Kjörgengi bundið við 25 ár. Meðlimir 388.

Niðurstaðan ~~Niðurstöðum~~ skal geta komið að

6. Boila l.c. og ? Problem d. Reichsrats.

og Boil. l.c. 339. skýrir ekki nánar frá honum.

Aths. Eftir tekstanum virðist er hið svonefnda löggjafarráð sama nefnd, sem stofnuð var 1927, sem skylt er að spyrja um ráð í öllum löggjafarefnum utan fjárlaga-ættis. Þessi stofnun er þó einungis ráðgefandi (st.skr. § 7b) Um skipun verða sett sér. 76 stóla lög.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A:6.
VI

Skv. pólsku stjskr. frá 17 mars 1921 með breytingum frá 2 ág. 1926, eru löggjafarvaldskifti: hjá Sejm og senati:.

Senatið skal hafa meðlimi ¼ að fjölda sejmsins, þ.e. 111.[1] Kosin er kosinn í kjördæmum, sem hvert Voiévode myndar út af fyrir sig, en það eru ~~[illegible]~~ stjórnarvæði. Kosn-aldur er 30 ár og kjörgengis 40 ár. Kosn.réttur og kjörgengi eru bundin eins ár búsetu í kjördæminu.[2] Kjörtímabil sama og hjá sejm §36.

Meðl. fjöldi Sejms 444.[3] Kosn. aldur 21 ár §12 Kjöraldur 25 §13 Kjörtímabil 5 ár, kosn.réttur, almennur, leynilegur, beinn, jafn eftir hlutfalls-reglunni §11, og eru þessi skilyrði sameiginleg ~~við~~ senatið. Kjördæmin eru víði hagað en hjá Senati.[4]

Enginn getur verið samtímis meðlimur beggja þinga §36 if.

Hvor deild staðfestir kosn. meðl. sinna að svo miklu leyti sem það tilheyrir ekki dómst. §§ 19 og 37

~~Meðl.~~ Fulltr. beggja deilda eru fulltr. allrar þjóðarinnar §§ 20 og 37

Um lögsögu yfir meðl. d. út af framkomu þeirra á þ. hvor deild § 21 og 37

Meðl. beggja deilda fá þóknun § 24 o 37

Hvor deild kýs sér forseta § 29 o 37 og setur sér þingsköp § 29 o. 37.

Nú getur forseti neitað báðum deildum § 26 en áður [illegible] ekki

[1] Probl. d. Reichsrats s. 207

[2] l.c. 207

[3] l.c. 206.

[4] W. Schätzel: Entstehung und Verfassung der polnischen Republik. Jahrb. d. öffentl. Rechts, 1923-24. s. 289 ff. sbr. einkum 293 og 295.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Drabl. Reichsrats. 207

3/5 senats meðlima.[5]

Á sameiginlegum fundum senats og sejms hefur forseti sejms forsæti §§ 39 og 41. Þessir sameiginlegu fundir nefnast „Þjóðsamkoma“!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. 6.
IV.

Í hv. stjskr. Grikkja lýðveldisins frá 3. júní 1927 þá er löggjafarvaldið í höndum fulltrúadeildar og senats §3. Grikkland hafði haft einnar deildar kerfi skv. stjskr. frá 1864, en ~~þar~~ áður skv. stjskr. § 18 mars. 1844 hafði tveggja deilda kerfi verið[1].

Í hv. stjskr. 1927[2] þá eru 120 senatorar. A.m.k. 9/12 þeirra skulu valdir af þjóðinni og í mesta lagi 1/12 af fulltrúad. og senati á sameiginlegum fundi við upphaf hvers kjörtímabils fulltr.d. Senatorar eru kosnir til 9 ára og þriðja hvert ár fer fram endurnýjun að einum þriðja hluta. Þeir, sem kosnir eru af fulltr.d. og senati eru taldir kosnir til kjörtímabils fulltrúadeildar §59. Kjörgengi til senats er bundið við 40 ára aldur (§60). Til fulltrúad. eru embættism. yfirleitt ekki kjörgengir, og gildir sama um senat, undantekning er gerð ~~fyrir~~ senatið um vegna prófessora háskólanna. §66, sbr 40.

Maður getur ekki verið meðlimur beggja deilda, §61.

Meðl. beggja deilda fá sömu þóknun úr ríkissj. §60.

Hvorug deildin getur komið saman eða starfað án hinnar, nema senatið sem dómstóll §62.

Á sameiginlegum fundum deildanna hefur forseti fulltrúadeildar forsæti og er þingsköpum fulltr. deildar beitt §65, sbr. 125.

1) Sbr. Problem d. Reichsrats, s. 220 og Marriot. s. 166.

2) H. Gmelin: Die Verfassung der griechischen Republik. Jahrbuch d. öffentl. Rechts 1928 s. 270, ff, einkum 273 f.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um báðar deildir gildir að þær eru fulltrúar þjóðarinnar en ekki kjördæmisins, sem þeir eru kosnir fyrir § 37., sbr. 65

Úrskurður um gildi kosninga heyrir fyrir báðar deildir undir sérst dómstól. § 43, sbr. 65

Hvor deild kýs sér forseta og embættismenn § 44, 65.

Hvor deild semur sér þingsköp § 45 sbr. 65.

Hvor deild hefur þau umráð yfir friðhelgi meðlimum sinum, sem af friðhelgi þeirra stafa § 56, sbr. 65

Sameiginlegar nefndir eru vakkar lent: § 35, sbr. sérstaklega utanríkismálanefnd, sem svo er nefnduð og starfar milli þinga og þó fulltr.d. sé rofin.

Fulltr.d. eina verður rofin § 79.

Meðlimir fulltrúadeildar eru kosnir almennum, jöfnum beinum kosningum leynilegum, og skal fulltr. fjöldi hvers kjördæmis ákveðin í samræmi við fólksfjölda þess. Fjöldi meðl. má ekki fara undir 200 og ekki yfir 250 § 36. Kjörgengisaldur er 21 ár, kjöraldur 25 § 39. Ókjörgengir eru embættismenn ríkisins, lögfræðingar framkvstj.- eða stjórnarmeðl.- verzl. fyrirtækis, sem ríkið styður § 40. Kjörtímabil 4 ár § 38.

2) Problem d. Reichsrats. s. 220 f

A. 6.
V.

Skv. og Fr. Weyr: Der tschechoslowakische Staat: Jahrbuch des öffentlichen Rechts. 1922, 351 ff., þar er og stjskr. prentuð s. 363 ff.

Sjá og Fr. Adler: Das tschecho-slowakische Verfassungsrecht in den Jahren 1922–bis 1928: Jahrbuch d. öffentl. Rechts. 1929 B. 17. 239 ff. einkum 246.

1) Fr. Adler: Grundriss des tschechoslowakischen Verfassungsrechts, Reichenberg 1930 s. 78

2.) l. c.

3) l. c.

4) l. c. og ff.

Skv. stjskr. Tjekkoslóvakíu frá 29. febrúar 1920 er löggjafarvaldið í höndum þjóðsamkomunnar, sem samanstendur af 2 deildum: fulltrúadeild og Senat. §6

Senatið hefur 150 meðlimi §13. Kosningaaldur er bundinn við 26 ára aldur §15. Kjöraldur við 45 ára aldur. Kjörtímabil er 8 ár §16. Kjörgengi er bundið við að hafa verið tjekkoslavískur ríkisborgari í 10 ár. Kjördæmi eru hérumbil helmingi stærri til Senats en til fulltrúadeildar (12 á móti 22)?

Fulltrúadeild hefur 300 meðl. §8. Kosningaaldur er bundinn við 21 ár §9, kjörgengi við 30 ár §10 og kjörtímabil er sex ár §11. Kjörgengi er bundið við 3 ára ríkisborgararétt? Kjördæmin minni sbr. að framan.

Að öðru leyti eru kosn. skilyrði og kjörgengis hin sömu til beggja deilda: Atkvæðisréttur, almennur, jafn, beinn, leynilegur eftir hlutfallsreglum og án tillits til kynferðis. §§8 og 9 sbr. 14 og 15[4]

Enginn getur verið samtímis meðlimur beggja deilda. §17.

Sérstakur dómst. sker úr um gildi kosn. til beggja deilda §19.

Hvor deild hefur lögsögu yfir meðl. sínum út af regl. um friðhelgi þeirra §§23–25.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðlimir beggja deilda hafa rétt til fundanna §27.

Setur beggja deilda byrja og hætta ætíð á sama tíma §29.

Forseti lýðveldisins getur rofið hvort heldur báðar deildir samtímis eða hvora í sínu lagi (þ.e. einungis aðra) §31.[5]

[4] Hvor deild kýs sér forseta §35

Grundvallarreglur um skipulag og starfsemi deildanna skulu gefnar með lögum, en um innri starfsemi ákveða þingsköp sett af hvorri deild fyrir sig §37.[6]

Ef báðar deildir halda sameiginlega fundi sem þjóðsamkoma (§§ 56, 59, 61, 65) þá gilda þingsköp fulltrúadeildar framar. Forseti fulltrúadeildar stjórnar henni, en staðgengill hans er forseti senatsins.[7]

Referendum[8]

Milli þinga, þ.e.a.s. er þing er slitið eða það er rofið, starfar stöðug nefnd kosin af báðum deildum (16 úr fulltr.d. og 8 úr senati) að löggjöf sem nauðsynleg kann að verða og hefur eftirlit með stjórninni §54. Kann. verul. þýðing hefur ekki verið mjög mikil[9]

5. l.c. 47.

6.) l.c. 46.

7.) l.c. 46.

8.) l.c. 59.

9.) l.c. 60 ff og samt Jahrb. d. öff. R. 1929 s. 249

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. 6. VII.

Í stjskr. Albaníu frá 7. mars 1925 var löggjafarvaldinu skift í fulltrúadeild og senat.

Meðl. senatsins voru 18, þar af 12 kosnir beinum kosn. af þjóðinni, en 6 nefndir af forseta ríkisins. Forset. gegnir embætti 6 ár, nefndi einnig forseta senatsins. §49

Meðl. fjöldi fulltrd. fór eftir íbúafjölda, voru 57, og var kosin af öllum fulltíða, karlkyns ríkisborgurum í almennum, jöfnum beinum kosningum til 4 ára. Kýs sjálf forseta sinn.

Meðl. beggja deilda komu saman á fund undir forsæti senatsforseta til að kjósa ríkisforseta til 7 ára. — Fyrsta (og samið. eina) senatið var kosið af fulltrd.

Fulltrd. varð rofin, sbr §§ 56 og 57 með vissum skilyrðum.

Venjul. reglur um friðhelgi þingmanna og þingfarakaup!

Með stjskr. 1. des. 1928, er ríkið var gert konungdæmi, var einnar-deildar kerfi innfært og þessi eina deild valin eftir sömu reglum og fulltr. d. áður[2]. Ríkisráð er stofnað til að undirbúa lagabálka og löggjöf, athuga og gera tillögur, og er útnefnt af konungi skv. uppástungu forsætisráðh., þingforseta og dómsmálaráðherra[3]

Kjörgengi 40 ár, og bundið við háskólapróf, hæ embættismenn, stórkaupmenn og iðjuhölda, ~~senat~~ nánari skilyrðum öðrum §52

Bæði senatorar og meðl. fulltrúadeildar hafa rétt til þóknunar, senatorar m.a.s. hærri. sbr. §§ 60 og 16.

Kjörgengi bundið við 30 ár §12

En með fundarsk. fulltr. d.

og gera stjskr.-endurskoðun; og ef senatorar sinna ekki eða allir mæta ekki getur fulltrd. ein gengið að þessum störfum §54.

1) Sjá hér um nánar: R. Stempner u. N. Rotta: Albaniens Staatsverfassung i Jahrb. d. öffentl. Rechts. 1926 484 og ~~1.~~ Braunias: Europäische Verfassungs- und Wahlreformen in den Jahren 1927 u 1928, i Zeitschrift für Politik 1929 s. 774 f.

2) sbr. Braunias l.c. og sami: Europäische Verfassungs- u. Wahlreformen i.J. 1929 : Zeitschrift für Politik 1931 s. 106/07

3) l.c. 1931, s. 107.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII.

Hér skal loks drepið örfáum orðum á fyrirkomulagið í einstökum löndum U.S.A. — Þar eru í öllum löndunum tveggja deilda löggjafarsamkomur.[1]

Þessi munur á reglum um skipun deildanna er almennur:

1. Kjördæmi til senats eru stærri, venjulega tvisvar eða þrisvar sinnum stærri en þau til n.d., og fjöldi senatora er þá í sama hlutfalli minni en meðlima n.d.

2. Senator er venjulega kosinn til lengri tíma en n.d. meðlimur. Í 29 löndum situr hann 4 ár, í einu þrjú ár, í 13 tvö ár, í tveimur einungis eitt ár.

3. Oftast ~~er~~ Senatið endurnýjast einungis að nokkru leyti í einu. Helmingur þess fer frá í einu og kosið í hans stað. Fulltrúadeildin þar á móti kosin öll samtímis.

